

ákærður sér færi á því að seilast yfir í gluggann og grípa buddu Guðjóns og stinga henni í vasa sinn. Varð enginn var við, er hann gerði þetta. Um þetta leyti var hætt að spila, og fór ákærður þá strax út, og á gangstéttinni rétt fyrir neðan húsið tók hann budduna upp og tók úr henni 70 krónur í seðlum, en skildi smápeningana eftir. Síðan gekk hann sem snöggvast niður á Hverfisgötu 40 og stóð þar við í eina til tvær mínútur, en fór síðan upp á »Litla kaffi« aftur og laumaði buddunni þar undir borð, þar beint á móti dyrunum, og þar fannst hún seinna um kvöldið.

Guðjón Jónsson fisksali hefir gjört 70 króna skaðabótakröfu fyrir peninga þá, sem teknir voru úr buddunni. Þetta brot ákærðs, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, fæddur 12. dezember 1898 á Hólmi í Seltjarnarneshreppi, og hefir með dómi aukaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum 25. september 1920, verið dæmdur í 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir þjófnað, og með dómi sama réttar, uppkveðnum 8. apríl 1921, verið dæmdur í 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð, ber að áliti dómarans að heimfæra undir 6. sbr. 8. grein laga nr. 51, frá 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, og þykir refsing sú, er hann hefir tilunnið, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fanga-viðurværi í 3 mánuði.

Svo greiði hann og Guðjóni Jónssyni, Hverfisgötu 107, krónur 70,00 í skaðabætur innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 27. okt. 1930.

Nr. 11/1930. **Hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps**

(Magnús Guðmundsson)

gegn

bæjarstjórn Reykjavíkur

(Theódór Lindal).

Óheimil útsvarsálagning.

Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 6. nóv. 1929: Hin umbeðna lögtaksgjörð skal ekki ná fram að ganga.

Dómur hæstaréttar.

Rafmagnsveita Reykjavíkur er stofnsett af bæjarstjórn Reykjavíkur samkvæmt heimild í lögum nr. 5, 3. nóv. 1915, í þeim tilgangi, að veita raforku um bæinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annara þarfa, sbr. reglugjörð nr. 98, 5. nóv. 1920, 1. gr. Í flutningi málsins hér í réttinum er það upplýst, að tekjuafgangi þeim, sem orðið hefir á rekstri veitunnar, hefir öllum verið varið til reksturs veitunnar sjálfrar og eflingar henni, jafnt árið 1927, sem er útsvarsár það, er hér ræðir um, sem endranær. Með hliðsjón af þessu og af áður nefndum tilgangi þessa fyrirtækis, er rekið er af bæjarfélagi, verður starfsemi þess eigi talin atvinnurekstur, og er þá samkvæmt 6. gr. A. III. b. laga nr. 46, 15. júní 1926, óheimilt að leggja útsvar á hana, og verður því þegar af þeirri ástæðu að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Eftir þessum málsúrslitum verður áfrýjandi að greiða hinni stefndu bæjarstjórn málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 300 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Seltjarnarnesshrepps, greiði stefnda, bæjarstjórn Reykjavíkur, málskostnað í hæstarétti með 300 kr. að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með beiðni, dags. 4. maí 1929, fór oddviti Seltjarnarnesshrepps, Sigurður Jónsson, þess á leit, að lögtak yrði gert hjá Reykjavíkurbæ fyrir útsvari, er Seltjarnarnesshreppur lagði á Rafmagnsveitu Reykjavíkur fyrir afnot af Elliðavatni 1928, að

upphæð kr. 250,00. Hinn 29. marz var lögtaksúrskurður uppkveðinn hér og birtur af stefnuvottum sama dag. Var málið því næst tekið fyrir í fógetarétti Reykjavíkur 18. júní þ. á. og haldið áfram og tekið til úrskurðar 26. október sama ár, eftir að aðiljar höfðu skifzt á skjölum og fært fram ástæður sínar og krafizt úrskurðar um atriðið, þar sem mótmæli komu fram gegn framgangi gjörðarinnar.

Gjörðarbeiðandi byggir kröfur sínar á því, að Rafmagnsveita Reykjavíkur eigi jörðina Elliðavatn í Seltjarnarnesshreppi og hafi afnot af henni að nokkru leyti, og megi því telja hana ábúanda úr parti jarðarinnar, og að á þá ábúð eða afnot hafi umrætt útsvar verið lagt, og telur hann það fullkomlega lög-mætt með tilliti til b.-liðs 8. gr. laga nr. 46, frá 15. júní 1926.

Gjörðarþoli hefir mótmælt framgangi gjörðarinnar vegna þess, að þetta útsvar sé ranglega álagt. Hann heldur því fram, að aðeins geti komið til greina, að byggja útsvarsálagningu þessa á b.-lið 8. gr. áðurgreindra laga, en hann staðhæfir, að þetta ákvæði geti alls ekki gilt, með því að þar séu lögð til grundvallar leiguliðaafnot, en hér sé um eignarafnot að ræða að svo miklu leyti, sem Rafmagnsveita Reykjavíkur hefir vatns-uppistöðu á þeim hluta jarðarinnar, sem ekki er leigður öðrum, en þessi uppstaða er gjörð til þess að jafna rennslið í Elliðaánum vegna Rafstöðvarinnar. Þá vill gjörðarþoli sýna fram á, að þessi starfsemi sé undanþegin útsvari samkvæmt 6. gr. áðurgreindra laga, þar sem segir, að »sjóðir«, sem standi undir umsjón ríkisstjórnarinnar, séu undanþegnir útsvari, og telur hann bæjarsjóð Reykjavíkur þar á meðal. Þá bendir hann og á það, að samkvæmt sömu grein séu þeir sjóðir og stofnanir, sem enga atvinnu reka, ekki útsvarsskyldir, og telur hann þetta fyrirtæki þannig vaxið, að bæjarfélagið sjái með því borgurum sínum fyrir ljósi og hita fyrir kostnaðarverð og sé það rekið eingöngu til almenningsheilla.

Rétturinn verður að lita svo á, eftir því, sem fram er komið í málinu, að Rafmagnsveitu Reykjavíkur hafi verið komið á fót af Reykjavíkurhæ til almenningsheilla, til þess að afla borgurum sínum ljóss o. fl. fyrir hæfilegt endurgjald til þess að standast reksturskostnað fyrirtækisins og því til nauðsynlegra umbóta, án þess að hér sé að ræða um nokkurt arðsamt fyrirtæki eða atvinnurekstur fyrir hann, og virðist því fjarstæða, að Seltjarnarnesshreppur geti lagt útsvar á Rafmagnsveitu Reykjavíkur fyrir þessi afnot jarðarinnar, Elliðavatn.

Það ber því samkvæmt 6. gr. laga nr. 46, frá 15. júní 1926, III. b.- og c. lið að neita um framgang hinnar umbeðnu gjörðar.

Miðvikudaginn 29. okt. 1930.

Nr. 53/1930. **Valdstjórnin** (Magnús Guðmundsson)
gegn

Karl Kuhr (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 21. marz 1930: Kærði, Karl Kuhr, á innæn fjöggra vikna að greiða sekt, að upphæð 15000 krónur, til Landhelgissjóðs Íslands, en afplána hana með átta mánaða einföldu fangelsi, fáist hún ekki greidd. Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, í togaranum »Königsberg« B. X. 140, frá Bremenhaven skulu upptæk og andvirðið renna í sama sjóð. Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögun.

Dómur hæstaréttar.

Hinn 20. marz þ. á. var varðskipið »Óðinn« á leið austur með landi út af Pétursey. Sást þá togari nokkru austar, grunsamlega nærri landi, og var því haldið í áttina til hans. Kl. 12,28 síðdegis mældi varðskipið stað sinn og afstöðu til togarans þannig:

Suðurendi Reynisfjalls \neq með Háadrang og \vee til Péturseyjar 68° og til togarans frá Portlandsvita 23° .

Kl. 12,32 var komið að togaranum »Königsberg« B. X. 140 frá Bremenhaven, er kærði var skipstjóri á, og þar gjörð eftirfarandi staðarákvörðun:

Drangshliðarfjall	
Pétursey	> $42^\circ 30'$
Hatta	> $59^\circ 10'$